

Ákvörðun nr. 30/2025
Föstudagurinn, 26. september 2025

Kaup Consult Bidco Ltd. (Goldman Sachs) á Mace Consult Ltd.

1. Hinn 5. september 2025 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt með samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005, um kaup Consult Bidco Ltd., á 100% hlutafjár í Mace Consult Holding Limited. Hið yfirtekna félag muni að sögn aðila halda utan um 100% eignarhlut í Mace Consult Limited, sem, ásamt dótturfélögum þess, hafi eiginlegan rekstur fyrirtækisins undir höndum (hið yfirtekna félag, ásamt Mace Consult Limited og dótturfélögum þess eru sameiginlega nefnd „Mace Consult“).
2. Með tölvubréfi dags. 11. september var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskrá teldist fullnægjandi í skilningi samkeppnislaga og frestir til að rannsaka samrunann hefðu byrjað að líða þann 8. september 2025.
3. Að sögn samrunaaðila sé Consult Bidco Ltd í eigu Consult Topco Ltd. sem aftur sé í 100% eigu (i) GLQ International Partners LP og AGLQ Holdings (UK) Ltd („GS félögin“), sem hvert um sig er innan samstæðu GS Group Inc.; og (ii) tiltekinna fjárfestingarsjóða þriðju aðila, sem hver um sig sé stýrður af Goldman Sachs Asset Management, L.P. eða Goldman Sachs & Co. LLC (hvert um sig innan samstæðu GS Group Inc.) (svokallaðir stýrðir sjóðir GS, stýrðir sjóðir GS ásamt GS aðilum eru sameiginlega „GS hluthafar“). GS hluthafar eru endanlega undir stjórn GS Group Inc.
4. Samkvæmt samrunatilkynningu sé hið yfirtekna félag eignarhaldsfélag með enga starfsemi á Íslandi en haldi á öllum eignarhlut í Mace Consult Limited. Mace Consult sé ein af tveimur rekstrareiningum innan Mace Group, fyrirtæki sem sé með höfuðstöðvar í Bretlandi sem veiti framkvæmdaráðgjöf og sérfræðipjónustu á sviði byggingariðnaðar í Evrópu, Miðausturlöndum og Afríku, Norður- og Suður-Ameríku og Kyrrahafssvæði Asíu, en verulegur hluti tekna þess komi frá Bretlandi að sögn aðila.
5. Mace Consult bjóði upp á margskonar ráðgjafapjónustu sem ætlað sé að hjálpa viðskiptavinum að stjórna og skila flóknum og verðmætum byggingar- og innviðaverkefnum. Ástæða þess að fyrirhuguð viðskipti séu tilkynningarskyld hérlandis sé sú að Mace Consult hafi farið í samstarf við Isavia ohf. um uppbyggingu Keflavíkurflugvallar á árunum 2019/2020 og hafi síðan aflað tekna á Íslandi. [...] Þá hafi samstæða kaupanda GS Group Inc. (Goldman Sachs) umtalsverða veltu á Íslandi sem þó tengist ekki ráðgjafarstarfsemi í byggingariðnaði hérlandis.
6. Í kjölfar hinna fyrirhuguðu viðskipta mun GS Group Inc. fara með endanleg yfirráð í Mace Consult í skilningi samkeppnislaga. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga.
7. Í samrunatilkynningu skilgreina aðilar markað fyrir ráðgjöf á sviði byggingar- og innviðaframkvæmda og ráðgjafapjónustu á Íslandi. Samrunaaðilar telja óþarft að ákvarða nákvæm mörk viðkomandi markaðar við mat á fyrirhuguðum samruna í ljósi þess að hvorki

¹ Trúnaðarupplýsingar



Consult Bidco Ltd né endanlegur aðili sem fari með yfirráð í skilningi samkeppnislaga, GS Group Inc, veiti byggingar-, innviða- eða verkfræðiráðgjafarþjónustu á Íslandi þar sem Mace Consult sé starfandi. Að auki sé markaðshlutdeild Mace Consult minniháttar og áætlað það að hlutdeild sín á Íslandi sé um 0-5%. Félagið muni halda áfram að mæta samkeppni frá helstu samkeppnisaðilum sínum eftir viðskiptin að mati samrunaaðila, t.d. staðbundnum samkeppnisaðilum sem veiti verkfræðiráðgjöf á Íslandi eins og Verkís, HNIT, EFLA, Mannvit, Buro Happold og Ramboll. Samrunaaðilar telji þannig ljóst að fyrirhuguð viðskipti muni ekki að nokkru leyti raska samkeppni og þau muni ekki leiða til þess að markaðsráðandi staða stofnist né að slík staða styrkist.

8. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem fylgdu og annarra aðgengilegra og fyrirliggjandi upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Þá gaf Samkeppniseftirlitið keppinautum samrunaaðila og Isavia ohf. kost á umsögnum en engar umsagnir eða athugasemdir bárust.
9. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekkert í fyrirliggjandi upplýsingum eða gögnum málsins bendi til þess að samruninn myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu, eða hann raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið hvorki ástæðu til þess aðhafast vegna samrunans né rannsaka hann frekar og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð

„Kaup Consult Bidco Ltd. á öllu hlutafé í Mace Consult Ltd. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson